

Fimmtudaginn 19. júní 1997.

Nr. 256/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

Iðunni Árnadóttur

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. júlí 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Fallist verður á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 1997.

Ár 1997, föstudaginn 13. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarasdóttur dómara fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur gert kröfu þess efnis, að Iðunni Árnadóttur, kt. 101258-2629, Þórufelli 18, Reykjavík, verði gert að sæta gæslu-

varðhaldi til föstudagsins 4. júlí 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

— — —

Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins þykir kærða undir rökstuddum grun um að hafa framið brot þau, sem hún er sökuð um, en þau geta varðað kærðu fangelsi.

Rannsókn málsins er enn á frumstigi. Eftir er að yfirheyra grunaða frekar, en ósamræmis gætir í framburði þeirra. Þá er enn eftir að yfirheyra fleiri, sem hugsanlega gætu veitt upplýsingar í málinu. Hætta þykir á, að kærða geti torveldað rannsókn málsins, og þykir engu breyta um það mat, þótt liðnir séu tæpir nýu mánuðir, síðan fíkniefnin voru flutt til landsins. Þegar framanritað er virt og með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir kærðu til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Iðunn Árnadóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. júlí 1997 kl. 16.00.
